



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. Þ 130/1657

komudagur 5.4.2004

Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2.4. 2004.

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingu, 459.

Meðal grundvallarskyldna löggjafans er að hafa eftirlit með störfum framkvæmdavaldsins. Svo miklu varðar þetta hlutverk, að þingmenn geta án samþykkis þingheims lagt fram fyrirspurnir um einstaka þætti í athöfnum framkvæmdavaldsins og eiga rétt til svara. Svipað gildir um hlutverk sveitarstjórna eftir því sem við á.

Á síðustu árum hafa sífellt fleiri þættir í rekstri hins opinbera breytt um rekstrarform, bæði vegna undirbúnings að einkavæðingu en einnig vegna nýrra leikreglna í samkeppnisrétti og skyldna ríkisins á grundvelli EES-samningsins.

Þar til einkavæðing á sér stað, sé breyting á rekstrarformi áfangi á þeirri leið, fara einstakir ráðherrar áfram með raunverulegt vald yfir starfseminni. Í þeim tilvikum er ekki til að dreifa neinum aðilum sem ætlað er að hafa eftirlit með starfseminni eins og t.d. á við um hlutafélög á almennum markaði þar sem m.a. hluthafar gegna ákveðnu eftirlitshlutverki. Þrátt fyrir ótvíræðan rétt þingmanna til eftirlits og stjórnskipulega nauðsyn þess að aðhald sé veitt framkvæmdavaldinu hafa skýrar reglur um upplýsingarétt þingmanna ekki litið dagsins ljós. Er það sérstaklega á mælisvert þar sem nokkuð er umliðið síðan Umboðsmaður Alþingis lagði til að á því væri tekið.

Alþýðusamband Íslands styður eindregið að settar verði skýrar reglur hér að lútandi sem tryggi þingmönnum og sveitarstjórnnum rétt til þeirra upplýsinga sem þeim eru nauðsynlegar til þess að geta sinnt hlutverki sínu í þágu almannahagsmuna.

Til íhugunar er hvort slíkar reglur þurfi ekki að ná lengra en lagt er til í frumvarpinu og verði látnar taka til þeirra félaga þar sem framkvæmdavaldið eða sveitarfélag fer með ráðandi hlut.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.